

Upplýsinga og tæknimennt		1. bekkur
<b>Kennarar:</b> Umsjónakennarar <b>Tímafjöldi:</b> 1 tími á viku		
<b>Menntagildi námsgreinar:</b> <p>Námssviðið upplýsinga- og tæknimennt felur í sér, miðlamennt, skólasafnsfræði, tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni. Hugtakið upplýsinga- og miðlalæsi má skilgreina, sem getuna til að greina hvaða upplýsinga er þörf, leita að þeim, leggja á þá gagnrýnið mat.</p> <p>Megintilgangur kennslu í upplýsinga- og tæknimennt er að efla upplýsinga- og miðlalæsi nemenda og hjálpa þeim að öðlast almenna, góða tæknifærni og tæknilæsi.</p> <p>Í töflunni hér fyrir neðan má sjá þau hæfniviðmið sem unnið eftir, hvaða kennsluhættir eru viðhafðir og hvernig námið er metið. Í lotum í Mentor er að finna nánari lýsingar á tilhögun þeirra viðfangsefna sem nemendur fást við.</p> <p>Komið er til móts við mismunandi þarfir nemenda með ýmsum hætti. Þeir sem þurfa aukna námsaðstoð vinna samkvæmt einstaklingsáætlunum eða námskrám sem umsjónar- eða faggreinakennari setur upp í samráði við foreldra. Það sama á við um þá nemendur sem geta tekist á við flóknari eða viðameiri viðfangsefni.</p>		
Námsflokkar:	Hæfniviðmið	Kennsluhættir
Vinnulag og vinnubrögð	<p>Nemandi getur</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Nýtt upplýsingar sér til gagns og ánægju, s.s. til lesturs, hlustunar og leitarnáms.</li> <li>Nýtt rafrænt námsefni á einföldu formi.</li> <li>Beitt undirstöðuatriðum í fingrasetningum</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Nemendur fá sýnikennslu á námsefni og prófa sig sjálf áfram og gera ýmis verkefni.</li> <li>Ýmsir námsvefir.</li> </ul>
Upplýsingaöflun og úrvinnsla	<ul style="list-style-type: none"> <li>Nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Nemendur fá sýnikennslu á námsefni og prófa sig sjálf áfram og vinna ýmis verkefni.</li> <li>Ýmsir námsvefir.</li> </ul>
Tækni og búnaður	<ul style="list-style-type: none"> <li>Kunni helstu grunnatriði í tölvunotkun (kveikja, slökkva, hvernig músin virkar, loka gluggum og fleira).</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Nemendur fá sýnikennslu og prófa sig sjálf áfram.</li> </ul>

**Námsmat:**

Upplýsingamennt nýtt til að þjálfa hæfniviðmið annarra námsgreina

**Námsefni:**

- Námsvefir
- Kennsluforrit
- Evolytes
- Innipúkinn